

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1876
komudagur 615 1996



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B/t Guðjóns Rúnarssonar, nefndaritari
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

SAMTÖK ÍSLENSKS
VIÐSKIPTALÍFS

Reykjavík, 2. maí 1996.

Efni: Frumvörp um skatt á fjármagnstekjur (421., 422., 428. og 429. mál).

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá ofangreind frumvörp til umsagnar. Annars vegar er um að ræða stjórnarfrumvörp, sem byggð eru á niðurstöðum samstarfsnefndar sem fjármálaráðherra skipaði vegna málsins (421. og 422. mál) og hins vegar frumvörp sem flutt eru af formönnum Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Þjóðvaka (428. og 429. mál). Hér á eftir verður fyrst komið á framfæri almennum sjónarmiðum um fjármagnstekjuskatt, sem eiga við í sambandi við öll frumvörpin, en að því loknu verður sérstaklega vikið að stjórnarfrumvörpunum annars vegar og frumvörpum formannanna hins vegar.

Almennt um fjármagnstekjuskatt

Verzlunarráð Íslands hefur miklar áhyggjur af þeim áhrifum, sem skattlagning vaxtatekna gæti haft í för með sér fyrir íslenskt fjármálalíf. Fjármagnsmarkaðurinn hér á landi er tiltölulega ungur og á margan hátt viðkvæmur. Innlendir sparnaður var til skamms tíma óverulegur, og aimenn samstaða hefur verið um að fremur væri þörf á að auka hann en að draga úr honum. Með því að taka upp nýjan skatt á vaxtatekjur væri verið að skapa hættu á að peningalegur sparnaður í landinu minnki. Jafnframt er við því að búast, að fjármagn yrði í auknum mæli flutt úr landi, og má ætla að það yrðu einkum stærri fjárfestar með miklar fjármagnstekjur sem það gerðu. Hvort tveggja dregur úr framboði fjármagns á innlendum markaði en það hlýtur að leiða til hækkunar vaxta.

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verzlunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími 588-6666
Bréfsími 568-6564
Telex 2316 Chambr is



Kostnaður fjármálastofnana og annarra skilaskyldra aðila af innheimtu skattsins eykur líka hættuna á því að þessi skattlagning leiði til vaxtahækkana. Vextir á Íslandi eru nú þegar of háir og er ljóst að frekari vaxtahækkanir myndu auka byrðar bæði fyrirtækja og almennings í landinu.

Miðað við þessar neikvæðu afleiðingar skattlagningar vaxtatekna hlýtur að orka tvímælis hvort upptaka skatts af þessu tagi sé réttlætanleg miðað við núverandi aðstæður.

Frumvörp ríkisstjórnarinnar (421. og 422. mál)

Í ljósi framangreindra sjónarmiða hlýtur Verslunarráð að leggja áherslu á, að ef farið verður út í einhvers konar skattlagningu vaxtatekna, þá verði þess gætt að hafa skatthlutfallið eins lágt og kostur er, og um leið verði reynt að draga úr neikvæðum áhrifum skattlagningarinnar með öðrum aðgerðum. Ráðið er því þeirrar skoðunar, að sú leið, sem lögð er til í frumvörpum ríkisstjórnarinnar, sé ásættanlegri en leiðin, sem boðuð er í frumvörpum flokksformannanna þriggja.

Kostir stjórnarfrumvarpanna felast í því, að um er að ræða skattlagningu sem er tiltölulega einföld í framkvæmd miðað við aðrar leiðir sem ræddar hafa verið í þessu sambandi, skatthlutfallið er fremur lágt eða 10%, í þeim felst samræming á skattlagningu mismunandi tegunda fjármagnstekna og þar með lækkun á skatthlutfalli vegna leigu íbúðarhúsnæðis, arðgreiðslna og söluhagnaðar hlutabréfa. Með síðastnefndu breytingunum er stuðlað að því að hagstæðara verði fyrir fólk að fjárfesta í hlutabréfum en til þessa, og má ætla að sú breyting hafi jákvæð áhrif á eiginfjármýndun íslenskra fyrirtækja.

Gallar stjórnarfrumvarpanna eru fyrst og fremst fólgnir í því, að öll skattlagning vaxtatekna hlýtur að vera til þess fallin að draga úr peningalegum sparnaði, stuðla að fjármagnsflóttu úr landi og auka hættu á vaxtahækkunum. Einnig má benda á, að samkvæmt stjórnarfrumvörpunum er verið að skattleggja allar vaxtatekjur og verðbætur, en ekki bara raunvaxtatekjur. Í því felst að sjálfsgöðu, að með vaxandi verðbólgu eykst skattlagning raunávöxtunar sjálfkrafa og getur þannig farið langt umfram það 10% skatthlutfall, sem frumvarpið miðast við. Á hinn bóginn má benda á, að hægt væri að sporna við sjálfvirkum hækkunum af þessu tagi með því að bæta inn í frumvarpið ákvæði um að skatthlutfallið skuli lækka sjálfkrafa ef verðbólga í landinu fer yfir ákveðið mark, t.d. 2,5% á ársgrundvelli. Það fari síðan stiglækkandi eftir því sem verðbólgan eykst.

Að lokum má benda á, að þótt skatthlutfallið eigi að vera lágt samkvæmt stjórnarfrumvörpunum, þá fæli lögfesting skattsins í sér hættu á frekari skattlagningu á þessu sviði, enda sýnir reynslan að það er auðveldara fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að hækka skatta, sem þegar hafa verið lagðir á, heldur en að koma á nýjum sköttum. Má í því sambandi vísa til ummæla í sérstakri bókun fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefnd um skatt á fjármagnstekjur, en þar kemur fram að þeir líti á 10% fjármagnstekjuskatt sem áfanga í átt til frekari skattheimtu á þessu sviði.

Varðandi einstakar greinar stjórnarfrumvarpanna vill Verslunarráð koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:



1) Í 6. gr. frumvarpsins um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt (421. mál) er fjallað um frádrátt fyrirtækja í atvinnurekstri vegna útborgunar arðs af hlutafé. Þar er miðað við að hægt sé að draga útborgaðan arð, sem nemur allt að 10% nafnverðs, frá tekjum félagsins. Hér er um að ræða sömu viðmiðun og er fyrir hendi í nógildandi lögum. Verslunarráð telur rétt að þetta hámarkshlutfall verði afnumið, þannig að félög geti dregið allan útborgaðan arð frá skattskyldum tekjum sínum. Benda má á, að greiddur arður telst til skattskyldra tekna hjá þeim sem við honum taka, þannig að ef fyrirtæki greiða út hærri arð en 10% er um tvísköttun að ræða.

2) Í sömu grein frumvarpsins er fjallað um að ýmsar tilteknar eignir hlutafélaga, sem "...ætlaðar eru til einkaparfa hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra eða skylduliðs þeirra manna.." og mælt fyrir um að draga skuli verðmæti þessara eigna frá nafnverði áður en arður samkvæmt greininni sé ákvarðaður. Samkvæmt greinargerð er ætlunin með þessu ákvæði að koma í veg fyrir að eignir, sem notaðar eru til einkaparfa, hækki þann stofn, sem arður er miðaður við.

Verslunarráð mótmælir þessari tillögu harðlega. Í fyrsta lagi er ljóst, að það getur í ýmsum tilvikum verið verulegum vandkvæðum bundið að meta, hvaða eignir hlutafélags nýtast framangreindum mönnum til einkaparfa að einhverju leyti. Í öðru lagi hlýtur það fyrst og fremst að vera mál eigenda hvers félags - hluthafanna sjálfra - að ákveða hvernig eignir félagsins eru nýttar. Ef vel er farið með eignirnar hagnast þeir á því, en tapa ef þeim er ráðstafað óskynsamlega. Ef eigendur hlutafélags sætta sig við að tilteknar eignir félagsins séu nýttar af hluthöfum sjálfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjóra, þá verður ekki séð að málið varði aðra aðila. Þá er loks rétt að benda á, að jafnvel þótt umræddar eignir séu að einhverju leyti nýttar til einkaparfa, þá er engu að síður um eignir félagsins að ræða, sem hægt er að selja hvenær sem er krefjast hagsmunir félagsins þess og standa jafnframt til tryggingar fjárskuldbindingum þess.

Í ljósi þessara athugasemda leggur Verslunarráð til, að 6. gr. frumvarpsins verði felld út úr frumvarpinu en í staðinn verði samþykkt ný grein, sem gæti hljóðað svo:

"2. málslíður 8. töluliðar 31. gr. laganna fellur brott."

Frumvörp flokksformannanna þriggja

Frumvörp formanna Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Þjóðvaka gera ráð fyrir því, að vaxtatekjur verði í meginatriðum skattlagðar innan núverandi skattkerfis, þannig að 60% af vaxtatekjum myndi sameiginlegan skattstofn með öðrum tekjum viðkomandi aðila. Að teknu tilliti til persónufrádráttar er gert ráð fyrir að skattlagning af þessu tagi hafi í för með sér að skattbyrðin verði almennt 0 til 25%, en rúmlega 28% hjá þeim sem hæstan skatt



greiða. Skattbyrðin yrði þannig mun meiri en samkvæmt frumvörpum ríkisstjórnarinnar, og þar af leiðandi myndi leið flokksformannanna skapa enn meiri hættu á minnkandi sparnaði, fjármagnsflóttu úr landi og vaxtahækkunum en stjórnarfrumvörpin. Þá er við þennan samanburð að bæta, að frumvörp formannanna fela ekki í sér þær jákvæðu ráðstafanir í sambandi við skattlagningu annarra fjármagnstekna en vaxtatekna, sem er að finna í stjórnarfrumvörpunum.

Á grundvelli þessara atriða hlýtur Verzlunarráð að lýsa andstöðu sinni við frumvörp formannanna þriggja.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Verzlunarráðs Íslands,

Birgir Ármannsson.